



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN TIL GEORGÍU

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur í opinbera heimsókn til Georgíu í dag, mánudaginn 4. mars. Þetta er fyrsta heimsókn af því tagi til Georgíu og er henni ætlað að efla tengsl þjóðanna, meðal annars með aukinni samvinnu á sviði loftslagsmála og grænna lausna. Auk tvíhliða funda með stjórnvöldum verður efnt til viðskiptaþings og vatnsaflsvirkjun Landsvirkjunar og Verkís heimsótt. Einnig mun forseti flytja aðalerindi á alþjóðlegri ráðstefnu og fyrirlestur við Tbilisi-háskóla.

Með forseta í för er Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- orku og loftslagsráðherra, Nótt Thorberg, forstöðumaður Grænvangs, og sendinefnd fulltrúa úr viðskiptalífínu sem hyggjast kanna möguleika á auknu samstarfi í uppbyggingu endurnýjanlegrar orku m.a á sviði beinnar nýtingar jarðvarma, vatnsaflsvirkjana og fjárfestinga í loftslagslausnum. Viðskiptasendinefndin fer saman undir merkjum Green by Iceland, markaðsverkefni Grænvangs og Íslandsstofu sem miðar að því að auka vitund um sjálfbæra nýtingu auðlinda á Íslandi og kynna íslenskar grænar lausnir á erlendum mörkuðum.

Í viðskiptasendinefnd forseta Íslands til Georgíu verða fulltrúar frá eftirfarandi fyrirtækjum og stofnunum: Creditinfo Group, Hafþórsstöðum, Landsvirkjun, Infrastructure Investments, Íslenski orkuklasinn, ÍSOR, MAR Advisors, Verkís, og Snorrastofu. Í sendinefndinni er einnig Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, vegna fyrirhugaðs samstarfsverkefnis við norrændeild Tbilisi-háskóla.

Heimsóknin hefst þriðjudaginn 5. mars með formlegri móttökuathöfn í höfuðborginni Tbilisi þar sem forseti leggur blómsveig að minnisvarða um fallnar þjóðhetjur. Forseti fundar með Salome Zourabichvili, forseta Georgíu sem býður til hátíðarkvöldverðar honum til heiðurs. Einnig munu forseti, ráðherra og viðskiptasendinefnd heimsækja

tvö fyrirtæki sem eiga íslenska samstarfsaðila og hafa viðskiptatengsl við Ísland.

Á miðvikudag verður efnt til viðskiptaþings þar sem fulltrúar úr georgíska og íslenska orkugeiranum ráða ráðum sínum. Guðlaugur Þór, umhverfis- orku- og loftslagsmálaráðherra, leiðir viðburðinn ásamt Levan Davitashvili, efnahags- og sjálfbærniráðherra Georgíu, en forseti flytur opnunarávarp. Síðar sama dag á Guðlaugur Þór tvíhliða fundi með efnahagsráðherra og Otar Shamugia, umhverfis- og landbúnaðarráðherra Georgíu.

Forseti fer einnig í vettvangsferð að stjórnsýslumörkum Suður-Ossetíu, georgísku héraðs þar sem Rússar hafa haft hernámshlið allt frá innrás sinni í Georgíu árið 2008. Þar verður forseta kynnt staða mannúðarmála á hernumdu svæðunum. Að því loknu verður haldið aftur til Tbilisi þar sem forseti og ráðherra eiga tvíhliða fundi með Shalva Papuashvili, forseta þjóðþings Georgíu, og Irakli Kobakhidze, forsætisráðherra landsins.

Síðdegis heldur forseti í Tbilisi-háskóla þar sem Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, fylgir honum á fund rektors og forstöðumanns norrænudeildar háskólans. Forseti heldur einnig opinn fyrirlestur við háskólann: „The power and pitfalls of patriotism in a globalized world.“

Fimmtudagurinn hefst á öryggis- og varnarmálaráðstefnunni Rondeli þar sem forseti flytur aðalerindið „Small states and big impact. Iceland on the international scene“. Að því loknu heldur hann ásamt ráðherra og viðskiptasendinefnd til héraðsins Samtskhe–Javakheti þar sem vatnsaflsstöðin Akhalkalaki verður heimsótt. Stöðin er að hluta í eigu Verkís og Landsvirkjun Power, dótturfélags Landsvirkjunar, og hóf starfsemi í nóvember 2022. Tilgangur Landsvirkjunar Power er að flytja út sérþekkingu Íslendinga á sviði endurnýjanlegrar orkuvinnslu og stuðla þannig að orkuskiptum erlendis.

Opinberri heimsókn forseta og sendinefndar til Georgíu lýkur að kvöldi fimmtudagsins 7. mars.

4. mars 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands (895 8885).